

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Inga Rós Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri gagnþjónustu Reykjavíkurborgar

Efni: Heimild til að hefja verkefnið „uppbygging gagnalandslags SFS og VEL“.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja innkaupa- og þróunarferli í tengslum við næsta skref í uppbyggingu gagnalandslags Reykjavíkurborgar, til að tryggja réttlæika, aðgengi að og hagnýtingu gagna. Með því að auðvelda aðgengi og ásýnd notenda að réttum og áreiðanlegum upplýsingum auðveldum við starfsfólki borgarinnar að sinna lögboðnu hlutverki og daglegum störfum af meira öryggi og á auðveldari hátt en þeim hefur verið unnt. Mikið samfélagslegt virði skapast einnig af því að innan borgarinnar séu teknar gagnadrifnar ákvarðanir byggðar á traustum og áreiðanlegum gögnum.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Gagnalandslag SFS og VEL og tilheyrir verkefnaklasa 80001, Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Verkefnið rúmast innan þegar samþykkrar fjárhags- og fjárfestingaráætlunar. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá nóvember 2022 til desember 2023 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 160 m.kr., þar af tilheyra 130 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 30 m.kr. í rekstrarkostnað yfir 5 ára tímabil.

Forsaga:

Upplýsingatæknikerfi borgarinnar safna margvíslegum mikilvægum gögnum sem nýta mætti mun betur sem grunn fyrir stefnumótandi ákvarðanatöku til að efla tækifæri og skapa verðmæti fyrir borgina, starfsfólk, borgarbúa, fyrirtæki og samfélagið í heild. Aðgengi að réttum og áreiðanlegum upplýsingum er forsenda fyrir því að stafræn vegferð borgarinnar skili tilsettum árangri.

Mikil handavinna er fólgin í hreinsun, auðgun og hagnýtingu gagna eins og verklagið er í dag. Aðgengi að gögnum er almennt ekki gott og borgin stendur frammi fyrir mikilli tækniskuld hvað þetta varðar. Starfsfólk þarf aðstoð við að ná gögnum út úr kerfum borgarinnar og hingað til hafa þægileg tæki og tól til að vinna gögn og gera á þeim greiningar ekki verið til staðar eða þau ekki virkað sem skildi sökum ástands gagna sem undir þeim hafa verið.

Markmiðið er að byggja upp heildstætt gagnalandslag borgarinnar, með heildstæðri nálgun á uppbyggingu og miðlun gagna og sameiginlegri sýn á eignarhald gagna verður auðveldara að setja fram kröfur um gagnagæði og gagnaskil, bæði frá innri- og ytri þjónustum sem gera starfsfólki kleift að nýta gögnin með tiltölulega lítilli fyrirhöfn til að fylgjast með heilbrigði skipulagseininga þeirra og koma auga á ýmiskonar tækifæri. Þetta er unnt núna vegna þess að búið er að byggja upp vöruhús gagna og gagnavinnslustöð.

Greinargerð:

Gott aðgengi að traustum og áreiðanlegum gögnum og greiningum er grunnur þess að stuðla að gagnsæi í ákvarðanatöku sem og geta stundað gagnadrifinn rekstur innan skipulagsheilda. Með því að einfalda aðgengi og ásýnd notenda að réttum og áreiðanlegum upplýsingum verður auðveldara fyrir starfsfólk borgarinnar að sinna lögboðnu hlutverki og daglegum störfum af meira öryggi og á auðveldari hátt en þeim hefur verið unnt hingað til.

Til skýringar er upplýsingakerfi vel skipulagt safn ferla eða aðgerða sem safnar saman gögnum og vinnur úr þeim upplýsingar sem svo styðja skipulagða starfsemi skipulagsheilda. Gagnagæði tryggja að upplýsingar sem koma frá kerfum séu viðeigandi, skiljanlegar, stýrðar, nákvæmar og aðgengilegar á réttum tíma. Með þessu er ekki sagt að upplýsingakerfi borgarinnar taki við eða búi til upplýsingar sem eru gæddar þessum eiginleikum í dag. Markmið þessa verkefnis er liður í því að uppfylla þessar kröfur þvert á upplýsingakerfi borgarinnar.

Verkefnið er viðamikild og snertir alla starfsemi Reykjavíkurborgar og er mikilvægur hlekkur í heildstæðri gagnauppbyggingu hennar. Þessi hluti verkefnisins lýtur að því að byggja upp gagnalandslag fyrir gögn Skóla- og frístundasviðs og Velferðarsviðs.

Uppbygging gagnalandslags SFS og VEL styður m.a. við eftirtaldar stefnur:

- Græna planið
- Þjónustustefnu Reykjavíkurborgar
- Stefnu um nýtingu upplýsingatækni
- Persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar

Í verkefninu verða gögn borgarinnar verða gerð aðgengileg og miðlað á fjölbreyttan hátt. Ímynd borgarinnar eflist með markvissri og traustri upplýsingamiðlun ásamt aukinni virðissköpun sem hlýst af hagnýtingu gagna.

Nánar um gagnalandslagsverkefni SFS

Skóla- og frístundasvið borgarinnar er stærsta svið borgarinnar, með tæplega 6.000 starfsmenn í 4.700 stöðugildum sem þjóna um 22.000 börnum á 180 starfsstöðum. Mikilvægt er að hafa yfirsýn t.d. yfir alla starfsemi bæði borgarrekkinna og sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla. Miðlun upplýsinga fyrir alla þjónustuþætti sviðsins til allra notendahópa ertímafrek og flókin þar sem mikil handavinna er á bakvið vinnslu þessara upplýsinga í dag, vinnan er mjög mannafla- og tímafrek og oft er misræmi í miðlun upplýsinga eftir því hver er spurður hverju sinni. Þetta verklag er ekki í takt við kröfur samtímans, eða þarfir stjórnenda, starfsfólks né almennings. Mikill hagur er fenginn með því að fara í þetta verkefni, svo sem betri upplýsingagjöf, meira gagnsæi, meiri áreiðanleiki, betri ákvarðanatöku, aukin sjálfvirkni, minna álag á starfsfólk, fækkun handtaka sem svo dregur úr sóun auðlinda.

Nánar um gagnalandslagsverkefni VEL

Velferðarsvið vinnur umfangsmikla tölfraeðivinnslu og -miðlun um alla þjónustuþætti sviðsins og notendahópa, en þeir eru afar margir og fjölbreyttir. Umfangsmikil vinnsla og miðlun tölfraeði fer fram í hverjum mánuði, ásamt stórrí árstölfraeðivinnu, auk reglulegrar miðlunar gagna innan kerfis til að svara sértækum fyrirspurnum um notendahópa, þjónustuþætti osfrv. Þessi vinna krefst í dag mikillar handavinnu, þar sem gögn eru sótt handvirkt í grunnkerfi og síðan unnin og birt á velstat.reykjavik.is og velferd.reykjavik.is.



Þetta fyrirkomulag gagnavinnslunnar er bæði tíma- og mannaflafrekt. Markmið verkefnisins er að auka sjálfvirkni í vinnslu á tölfræðigögnum velferðarsviðs, auka öryggi gagnanna og auka möguleika á greiningu og miðlun gagna velferðarsviðs.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 160 m.kr. Kostnaðarstaður 2102; Gagnalandslag SFS og VEL. Verkefnaklassi 80001; Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Inga Rós Gunnarsdóttir,
skrifstofustjóri gagnþjónustu Reykjavíkurborgar